



TækniSetur ehf

Ársreikningur 2025

TækniSetur ehf
Kt. 440621-1040
Árleyni 2-8
112 Reykjavík

Efnisyfirlit

Áritun Ríkisendurskoðunar	3-4
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	5
Rekstrarreikningur ársins 2025	6
Efnahagsreikningur 31/12 2025	7
Sjóðstreymi 2025	8
Skýringar	9-12

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Tækniseturs ehf.

Álit

Ársreikningur Tækniseturs ehf. fyrir árið 2025 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Tækniseturs ehf. 31. desember 2025, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Tæknisetri ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Tækniseturs ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun Ríkisendurskoðunar

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, mars 2026

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi
(undirritað rafrænt)

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tæknisetur ehf. er óhagnaðardrifið einkahlutafélag, alfarið í eigu ríkisins. Félagið tók yfir afmarkaðan hluta af starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, þegar sú stofnun var lögð niður árið 2021. Tilgangur þess, samkvæmt lögum nr. 25/2021, eins og hann er nánar útfærður í samþykktum félagsins, er að vera leiðandi stuðningsaðili hátækninýsköpunar á Íslandi. Í því felst að halda úti rannsóknar- og tækjaaðstöðu fyrir atvinnulíf, háskóla og rannsóknastofnanir, veita tæknilega aðstöðu fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki, auk ráðgjafar og annarrar sérhæfðrar þjónustu. Þá rekur félagið nokkra lykilinnviði á sviði mannvirkjarannsókna, svo sem rannsóknarstofur, prófunarbúnað og tilheyrandi aðstöðu, sem nýst hafa bæði rannsóknarverkefnum og fyrirtækjum.

Tekjur Tæknisets árið 2025 voru um 390 m.kr., þar af 118 m.kr. samkvæmt þjónustusamningi við ráðuneyti, 60 m.kr. frá þátttöku í rannsóknarverkefnum og 212 m.kr. frá öðrum tekjustofnum.

Þjónustusamningur við Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti nær yfir tímabilið 2024-2026, en ekki hafa verið hafnar viðræður um endurnýjun þjónustusamnings. Rekstur félagsins er því að lang stærstum hluta háður tímabundnum styrkjum og verkefnatekjum, sem skapar verulega óvissu um framtíð félagsins.

Rekstrarafkoma (EBIT) ársins 2025 var neikvæð um 2,8 m.kr., en hagnaður ársins nam 10,1 m.kr., sem skýrist af jákvæðum fjármagnsliðum. Niðurstaða efnahagsreiknings er hrein eign 291,8 m.kr. í árslok og eignir samtals 404,8 m.kr. Innan félagsins störfuðu 15 starfsmenn í lok árs 2025.

Til viðbótar við óvissu um tekjur Tæknisets, er veruleg óvissa um þær fasteignir og aðstöðu sem félagið hefur til umráða. Við lok árs voru 36 tæknifyrirtæki með aðstöðu hjá félaginu. Þessi fyrirtæki starfa á breiðu sviði en eiga það flest sammerkt að vera í tækniþróun og hafa umtalsverðan hag af því að nýta þá aðstöðu sem í boði er hjá félaginu. Tæknisetur getur ekki gert langtímasamninga við þessi fyrirtæki, þar sem fasteignir eru einungis til umráða á meðan þjónustusamningur er í gildi, til loka árs 2026, auk þess sem framtíð fasteignanna er ekki skýr vegna áforma um Borgarlínu á þessu svæði.

Í lögum nr. 25/2021 er kveðið á um heimild ráðherra til að semja við Tæknisetur um umsjón með sérhæfðum langtímabyggingarannsóknum í samvinnu við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, og að framtíðarfyrirkomulagi byggingarrannsókna í landinu skuli komið í varanlegt horf fyrir árslok 2022. Slíkur samningur hefur ekki enn verið gerður. Í október 2023 sendi stjórn félagsins áskorun til stjórnvalda vegna óvissu í mannvirkjarannsóknum. Brýnt er að ákvörðun sé tekin hið fyrsta um framtíð mannvirkjarannsókna, ábyrgð, fyrirkomulag og fjármögnun til að koma í veg fyrir að sú þekking sem þó er til staðar hjá félaginu eflist og vaxi og verði fræ í umfangsmeiri starfsemi. Áframhaldandi óvissa grefur undan tækifærum til uppbyggingar og hægt og þitandi getur verðmæt þekking glatast.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Tæknisets ehf. fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, mars 2026

Stjórn:

Jón Malmquist Guðmundsson

Íris Hrönn Guðjónsdóttir

Ólafur Eysteinn Sigurjónsson

Páll Ragnar Jóhannesson

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Guðbjörg H. Óskarsdóttir

(Undirritað rafrænt)

Rekstrarreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur:			
Rekstrartekjur	3	389.835.522	424.660.675
Rekstrartekjur samtals		389.835.522	424.660.675
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4	224.719.809	219.309.661
Annar rekstrarkostnaður	9	150.615.755	184.067.520
Afskriftir	5	16.925.731	17.627.147
Afskrifaðar kröfur		370.026	936.071
Rekstrargjöld samtals		392.631.321	421.940.399
 Rekstrarhagnaður(tap) fyrir fjármagnsliði		 (2.795.799)	 2.720.276
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		13.290.871	12.548.876
Vaxtagjöld		(313.452)	(223.453)
Gengismunur		(32.220)	(698.331)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)		12.945.199	11.627.092
 Hagnaður ársins		 10.149.400	 14.347.368

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innanstokksmunir/tölvubúnaður	5	3.534.267	4.152.090
Rannsóknartæki	5	117.835.533	118.593.832
Einkaleyfi		152.210	0
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals		121.522.010	122.745.922
Rekstrarfjármunir samtals		121.522.010	122.745.922
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur	6	18.577.925	35.027.032
Vörslufé vegna verkefna	6	64.224.364	105.657.907
Handbært fé	6	200.512.080	182.869.698
Veltufjármunir samtals		283.314.369	323.554.637
Eignir samtals		404.836.379	446.300.559
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé:			
Hlutfé		212.446.083	212.446.083
Lögbundinn varasjóður		2.394.687	1.434.737
Óráðstafað eigið fé		76.953.073	67.763.623
Eigið fé samtals	7	291.793.843	281.644.443
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	8	51.048.457	78.141.829
Vörslufé (skuldbinding) vegna verkefna	8	61.994.079	86.514.287
Skammtímaskuldir samtals		113.042.536	164.656.116
Eigið fé og skuldir samtals		404.836.379	446.300.559

Yfirlit um sjóðstreymi 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		10.149.400	14.347.368
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		16.925.731	17.627.147
Veltufé frá rekstri		27.075.131	31.974.515
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtíma kröfur, (hækkun) lækkun		57.882.650	81.684.782
Skammtíma skuldir, (lækkun) hækkun		(51.613.580)	(28.389.535)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		6.269.070	53.295.247
Handbært fé frá rekstri		33.344.201	85.269.762
Fjárfestingarhreyfingar:			
Innréttingar, tölvubúnaður og rannsóknartæki	5	15.701.819	54.521.056
Fjármögnunarhreyfingar samtals		15.701.819	54.521.056
Breyting handbærs fjár á árinu		17.642.382	30.748.705
Handbært fé í ársbyrjun		182.869.698	152.120.993
Handbært fé í árslok		200.512.080	182.869.698

1. Starfsemi

TækniSetur ehf. er einkahlutafélag stofnað með heimild í 2. gr. laga um opinberan stuðning við nýsköpun nr. 25/2021 og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið er að fullu í eigu ríkissjóðs og fer fjármála – og efnahagsráðherra með hlut ríkisins í félaginu.

Tilgangur félagsins er að annast rekstur tækniSeturs á sviði hátækni, verkfræði, raunvísinda og skyldra greina og að vera leiðandi stuðningsaðili hátækninýsköpunar á Íslandi. Hlutverk félagsins er að starfrækja rannsóknar- og tækjaaðstöðu fyrir atvinnulíf, háskóla og rannsóknarstofnanir. Félagið stundar iðnaðarrannsóknir, prófanir, vottanir og fræðslu auk þess að skapa sér forsendur til að þróa starfsemina með áherslu á rannsóknir, þróun og nýsköpun í þeim tilgangi að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Félagið er óhagnaðardrifið. Hagnaði af rekstri félagsins skal aðeins ráðstafað til eflingar og uppbyggingar starfseminnar í samræmi við hlutverk félagsins. Félaginu er óheimilt að verja hagnaði, réttindum eða eignum til annarra verkefna en þeirra sem samræmast hlutverki og starfsemi félagsins. Ekki verður greiddur út arður úr félaginu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/2019. Ársreikningurinn byggir á reglum um kostnaðarverðsreikningsskil og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Reikningsskilaaðferðir

Skattamál

Félagið starfar í þágu almannaheilla og uppfyllir skilyrði 4. tölulið. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Samkvæmt úrskurði Skattsins, dags. 4. apríl 2023, fellur félagið undir undanþágu frá tekjuskattskyldu frá og með rekstrarárinu 2022.

Innlausn tekna

Rekstrartekjur eru vegna seldrar sérfræðivinnu og leigutekna af húsnæði, tækjum og búnaði. Leigutekjur af húsnæði, tækjum og búnaði eru færðar í samræmi við leigusamninga eða á því tímabili sem þær falla til. Tekjur vegna rannsóknarverkefna eru færðar í lok þess tímabils sem vinna þeirra er gerð upp. Vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn þegar til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Vaxtagjöld eru færð til gjalda í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi skulda.

Erlendar eignir og skuldir

Eignir sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við árslokagengi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en eins árs teljast til handbærs fjár.

Skýringar frh.

3. Tekjur	2025	2024
Þjónustusamn. við ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar		
Þjónustusamn. við ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar	118.000.000	118.000.000
Seld þjónusta		
Tekjur af rannsóknar og þróunarverkefnum	59.818.390	143.438.610
Seld þjónusta	94.050.463	70.984.818
Framlag innlendra aðila vegna tækjakaupa	29.716.112	11.155.725
Húsaleiga, tækja- og áhaldaleiga		
Húsaleiga	76.280.631	71.116.236
Áhaldaleiga til frumkvöðla	937.274	73.237
Tekjur vegna mótuneytis	11.032.652	9.892.049
Tekjur samtals:	389.835.522	424.660.675

4. Starfsmannamál

Laun og annar starfsmannakostnaður á árinu 2025. Meðalfjöldi ársverka var 14 sem er það sama og árið 2024 og fjöldi starfsmanna í árslok voru 15. Laun framkvæmdastjóra án launatengdra gjalda námu 20,5 m.kr. á árinu 2025.

	2025	2024
Laun	172.964.558	174.094.792
Stjórnarlaun	5.475.000	5.475.000
Dagpeningar	1.831.809	2.102.094
Launatengd gjöld	39.030.771	38.867.430
Annar starfsmannakostnaður	3.024.724	1.608.217
Breyting orlofsskuldbindingar	2.392.947	(1.078.662)
Eignfærsla launa	0	(1.759.210)
Laun og launatengd gjöld samtals	224.719.809	219.309.661

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Breyting varanlegra rekstrarfjármuna á árinu greinist þannig:

	Húsgögn og innréttingar	Rannsóknartæki	Samtals:
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	5.995.365	206.990.521	212.985.886
Eignfært á árinu	6.494.107	9.207.712	15.701.819
Staða í árslok	12.489.472	216.198.233	228.687.705
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	1.843.275	88.396.689	90.239.964
Afskrift ársins	1.064.620	15.861.111	16.925.731
Staða í árslok	2.907.895	104.257.800	107.165.695
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	4.152.090	118.593.832	122.745.922
Bókfært verð í árslok	9.581.577	111.940.433	121.522.010
Afskriftarhlutfall	10%	10-15%	

Skýringar frh.

6. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2025	31.12.2024
Almennar viðskiptakröfur	11.135.616	24.945.958
Viðskiptakröfur samtals	11.135.616	24.945.958
Aðrar skammtímakröfur		
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	3.042.934	5.385.027
Óinnheimtur VSK v sérfræðipjónustu 2025	1.838.267	0
Óinnheimtur VSK v sérfræðipjónustu 2024	1.440.748	3.575.687
Mismunur vegna VSK 2023/2024	1.120.360	1.120.360
Aðrar skammtímakröfur samtals:	7.442.309	10.081.074
Vörslufé vegna verkefna		
Vörslufé vegna verkefna	64.224.364	105.657.907
Vörslufé vegna verkefna samtals:	64.224.364	105.657.907
Handbært fé		
Bankainnistæður í íslenskum krónum	196.677.047	174.088.038
Bankainnistæður í erlendri mynt	3.835.033	8.781.660
Handbært fé samtals	200.512.080	182.869.698

7. Eigið fé

Yfirlit um hreyfingar á eiginfjárreikningum:

2025	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2025	212.446.083	0	67.763.623	280.209.706
Lögbundinn varasjóður	0	2.394.687	(959.950)	1.434.737
Hagnaður ársins	0	0	10.149.400	10.149.400
Eigið fé 31. desember 2025	212.446.083	2.394.687	76.953.073	291.793.843

2024	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2024	212.446.083	1.434.737	53.416.255	267.297.075
Hagnaður ársins	0	0	14.347.368	14.347.368
Eigið fé 31. desember 2024	212.446.083	1.434.737	67.763.623	281.644.443

Skýringar frh.

8. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptaskuldir	10.956.857	13.266.800
Viðskiptaskuld vegna kaupa á rafeindasmásjá	0	33.154.816

Viðskiptaskuldir samtals: 10.956.857 46.421.616

Aðrar skammtímaskuldir

Ógreiddur virðisaukaskattur	5.015.280	3.035.656
Ógreidd laun og launatengd gjöld	12.329.575	8.330.759
Orlofsskuldbinding	22.746.745	20.353.798

Aðrar skammtímaskuldir samtals: 40.091.600 31.720.213

Vörslufé vegna verkefna

Innlendar viðskiptaskuldir	61.994.079	146.156.882
----------------------------------	------------	-------------

9. Annar rekstrarkostnaður

	2025	2024
Húsnæðiskostnaður	89.725.080	108.184.168
Verkefnakostnaður	17.188.308	29.675.917
Skrifstofukostnaður	23.374.750	23.256.086
Annar kostnaður	20.327.617	22.951.349

Annar rekstrarkostnaður samtals 150.615.755 184.067.520